

Hrafn Sveinbjarnarson:**Synðaflóðið kemur eftir vorn dag - um varðveislu íslenskra skjalasafna.****Tilgangur skjalasafna**

Til þess að átta sig á tilgangi skjalasafna er gott að líta til sögu skjalasafna í Evrópu. Á miðöldum voru þetta nokkurskonar vopnabúr eignamanna sem börðust um eignir og völd, kölluð leyndarskjalasöfn, því aðeins eigendurnir, furstar og aðalsmenn og trúnaðarmenn þeirra, höfðu aðgang að því og gátu nýtt eða leynt því sem þeim sýndist eftir hentugleikum. Í frönsku byltingunni var blaðinu snúið við. Allir skyldu fá aðgang að skjölum er vörðudu eignir og réttindi. Hugmyndir um opna stjórnýslu og borgaraleg réttindi fengu byr undir báða vængi með yfirlýsingunni um skjalaréttindi manna 25. júní 1794. Hugmyndir um almennt læsi eru þessu nátengdar og forsendur hugmyndarinnar um lýðræði.

Skjalasafn varð að öðru en vopnabúri einvalda og fursta með hugmyndinni um þjóðskjalasafn. Skjalasafn þjóðarinnar hafði ekki aðeins það hlutverk að gæta skjalfestra hagsmuna og réttinda ríkisins, heldur einnig borgaranna og þeir öðluðust jafnan rétt á við ríkið til að glöggva sig á innihaldi skjalanna og nýta þau til að verja réttindi sín. Þetta er ein af forsendum réttarríkisins.

Enn eru til leyndarskjalasöfn, í svolítið smækkaðri eða stækkaðri mynd eftir atvikum. Öll einkaskjalasöfn eru nokkurskonar leyndarskjalasöfn einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja. Enginn fær aðgang að þeim nema eigandinn og þeir sem njóta trúnaðar hans eða leyfis, að undanskildum bókhaldsskjölum, sem skattayfirvöld hafa rétt til að skoða skv. lögum.

Opinber réttindi, eins og eignarhald á landi og fasteignum, eru tryggð í skjölum í opinberum skjalasöfnum. Ríkisvaldið tryggir þannig að leikreglum samfélagsins sé fylgt og að það fylgi þeim sjálft.

Skjalavarsla er því mikilsverður þáttur í þjóðskipulagi hins opna borgaralega þjóðfélags. Þar sem henni er áfátt er borgaralegum réttindum og réttarríkinu ógnað.

Skjalavarsla og upprunaregla

Varðveisla er meginatriði í störfum skjalavarða. Grundvallarregla, bæði hvað snertir opinber skjalasöfn og einkaskjalasöfn, er svokölluð upprunaregla. Meðal fólks sem starfar að skjalavörslu virðist þessi einfalda grundvallarregla stundum fara fyrir ofan garð og neðan. Ekki síst meðal svokallaðra upplýsingafræðinga. Þessi regla hljóðar á þessa leið:

Skjalasafni embættis, stofnunar, einstakings eða lögaðila skal haldið út af fyrir sig án viðauka og úrfellinga þannig að sú skipan sem það hafði hjá þeim sem myndaði skjalasafnið haldist óbreytt.

Þetta felur í sér að ekki má endurraða skjölum sem tekin eru til vörslu og ekki má henda úr skjalasafninu eða bæta við það. Upprunaleg skrásetning þess á að haldast. Hugsunin er sú að skjalasafnið sem slíkt segi sögu, vantanir í það, óreiða þess og annað samhengi kann að fela í sér vitnisburð sem jafnvel kann að hafa réttarlegt gildi. Þetta er einfalt, en vefst þó fyrir mörgum í framkvæmd. Um leið og skjalasafni er umturnað við frágang og skráningu er upprunareglan brotin og skrásetjarinn hefur óafturkallanlega sett mark sitt á sögulegan vitnisburð skjalasafnsins. Enduruppröðun skjalasafna eða förgun skjala úr þeim kann að vera skemmdarverk eða fölsun sem jaðrar við skjalafals, því afleiðingarnar kunna að verða hinar sömu. Enduruppröðun skjala eftir hugmyndum eins manns við ákveðnar aðstæður á ákveðnum tíma kann að stangast á við hugmyndir annars. Því er eðlilegast að starfsemi skjalamyndarans sjálfs ráði röðun skjalanna og ekki verði um enduruppröðun eða förgun að ræða eftir að skjölin hafa verið myndað, skráð og flokkuð hjá skjalamyndaranum.

Þegar einstaklingar eða stofnanir taka sér fyrir hendur söfnun á ákveðnum skjölum héðan og þaðan brjóta þau upprunareglu um skjalasöfn. Handritasöfnun er e.t.v. frægasta dæmið, en einnig má nefna frímerkjasöfnun, ljósmyndasöfnun, ástarbréfasöfnun og svo framvegis.

Skjalasöfn eru rofin til þess að þjóna einhverskonar söfnunarárættu.

Skjalavörslustofnanir stunda að jafnaði ekki efnissöfnun á skjölum, heldur taka heil skjalasöfn til varðveislu, en auðvitað er tekið við afmörkuðum hlutum úr skjalasöfnum til þess að bjarga þeim frá glötun.

Sérsöfn um ákveðin efni kunna að stunda vafasama starfsemi, miðað við upprunareglu um skjalasöfn, taki þau við og safni skjölum og rjúfi með því skjalasöfn. Almennt séð er farsælast fyrir áhugamenn um einstök efni og alla aðra að skjalavörslustofnanir fari með skjalavörsluþáttinn, þannig að skjalasöfn varðveitist í heilu lagi, en ekki bara einstakir hlutar þeirra.

Nýleg viðbót við lög um Þjóðskjalasafn Íslands um sérstakt öryggismálasafn Íslands gerir ráð fyrir því að upprunareglan sé þverbrotin, skjalasöfn skulu rofin og hlutum þeirra safnað eftir *pertinens* þ.e. efni á einn stað, þetta hefur orðið nokkurskonar skammaryrði hjá skjalavörðum, þýðir efnisröðun (*pertineo*=lúta að, varða). Upprunareglan er lögð til grundvallar skjalavörslu í þjóðskjalasöfnum um allan heim, nema á hinu framúrstefnulega Íslandi þar sem gömul miðaldaaðferð var tekin upp árið 2007 með nýju leyndarskjalasafni. Þegar skilgreiningin á orðinu *fræðimaður* kom fram í þessari sérstæðu réttarbót, hýrnaði heldur en ekki yfir manni. Loksins var það ekki bara neftóbak og ættfræði, heldur ættfræði birt á viðurkenndum vettvangi sem umbreytir óbreyttum í fræðimann. Þetta voru því öðrum þræði tóbaksvarnarlög.

Áritunar- og vörsluform

Ein af meginforsendum varðveislu skjala er að skjölin séu mynduð á formi sem hægt er að varðveita. Með lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 var stofnuninni í fyrsta skipti falin eftirlitsskylda með skjalavörslu og skjalamyndun opinberra stofnana. Í löggjöfinni felst skilningur á því að Þjóðskjalasafninu sé gert ómögulegt að uppfylla vörsluskyldur sínar ef myndun og skráningu skjala hjá embætti eða stofnun sé mjög ábótavant, þess vegna er því falið eftirlitshlutverkið. Einnig að Þjóðskjalasafnið, sem á að bera kostnað af varðveislu skjala til langframa, þurfi að geta varið sig fyrir því að verða fyrir meiriháttar útgjöldum vegna óforsjálni við myndun skjala á formi sem of dýrt er að varðveita. Ekki þarf að orðlengja um að eftirlit Þjóðskjalasafnsins hefur ekki komið til framkvæmda nema að litlum hluta, til þess hefur hvorki fengist nægilegt fé né starfsfólk.

Á þessum tíma, þ.e. 1985, var þegar að hluta til komin fram bitur reynsla af allskyns ævintýrum í gagnavinnslu. Gataspjöld og mjúkir tölvudiskar með opinberum gögnum eru nú í stórum stíl orðið ólæsilegt og allt tapað sem varðveitt var á þessu formi. Engin samantekt mun hafa verið unnin um þetta stórfellda gagnatap og engin úttekt liggur fyrir á því hvað tapaðist og hvaða afleiðingar það kann að hafa fyrir borgarana og hið opinbera. Þetta eru óhreinu börn kerfisins. Einnig hefur ekki verið gert upp við það hver ber ábyrgð á þessum ævintýrum. Skýrr, Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar, voru einkavæddar árið 1998 og einhvernveginn fylgdu hin opinberu gögn með. Ekki liggur fyrir hvað þar er enn læsilegt og nothæft frá ríki og sveitarfélögum eða hvernig megi nálgast það.

Eftir slíka reynslu skyldi maður ætla að samviskusamir embættismenn væru farnir að gæta sín svolítið á þessu. Tölvutæknin er afar hentug til vinnslu ýmiskonar, en miður hentug til varðveislu. Skrúfjárn hentar vel til þess að skrúfa skrúfur, en er miður hentugt til þess að slá nagla. Starfsmenn hins opinbera ættu, rétt eins og handverksmaðurinn með skrúfjárníð, að hafa áttað sig á því hvenær er viðeigandi að nota tölvu og hvenær ekki. En þetta er auðvitað pólitískt að hluta til. Embættismenn vita að ef stjórnmálamaðurinn segir embættismanni að nota skrúfjárn við að slá naglann, þá er betra að lemja skrúfjárníð í sundur á naglanum, en að

missa vinnuna. Tölvuvæðingin er að stórum hluta pólitísk og hefur ekki nema að hluta til sprottið af embættislegri nauðsyn. Hugmyndir um rafræna stjórnsýslu sem ganga enn lengra en orðið er, eiga eftir að valda embættiskerfinu vandamálum og að öllum líkindum borgurunum réttindamissi.

Pólitískur vilji virðist afar ríkur til þess að setja borgaraleg réttindi út í veður og vind í nafni tölvuvæðingar. Aldur manna í æðstu stöðum ræður e.t.v. nokkru um þetta, þeir hafa ekki alist upp við tölvur sem unglingar og þetta eru enn hálfgerð undratæki fyrir þessum ellibelgjum. Þeir eru hreinlega hræddir við þessi tæki, og enn hræddari við að líta út fyrir að vera gamaldags og þúkó. Þetta er sálræn skýring á þessari pólitík. Tölvunarfræðingar vita ákaflega vel um takmarkanir á vörslu rafrænna gagna til langframa, en menn eru nú ekki gjarnir á að bíta höndina sem fóðrar þá. Það sem oft mótar pólitískan vilja eru peningahagsmunir, opinberar stofnanir fá sjaldnast tölvutækni og þjónustu henni tengda ókeypis.

En þeir eru til sem trúá einlæglega á tæknina og nú skipti ég yfir í nýjustu tækni og vísindi. Langtímavarsla skjala er jafnmöguleg og það sem sýnt er í þessari frönsku mynd:

http://www.dailymotion.com/video/x3jwe0_usb-wine-telechargez-vos-vins-en-di_fun
[Vegna tæknilegra örðugleika var þetta ekki sýnt]

Skjalaverðir víða um heim standa ráðþrota gagnvart þessari nýju tækjadellu og talað er um stafræna minnisglapasýki (*digitaler Alzheimer*) samfélagsins. Fátt er nýtt undir sólinni og þessi vélvæðing minnir um sumt á þætti í skrifstofubreytingunni, *Büroreform* sem átti sér stað á meginlandi Evrópu á árunum milli heimsstyrjaldanna, þar sem notkun IBM gataspjalda hófst og nýttist svo m.a. til þess að útrýma fólki.

Skrifstofubreytingin hóf innreið sína á Íslandi um og eftir heimsstyrjöldina síðari.

Að hluta til má útskýra þessa skrifstofubreytingu erlendis með auknu umfangi opinberrar stjórnsýslu í lok 19. aldar og upphafi hinnar 20. Stjórnsýslan sprengdi utan af sér eldri skjalavistunarkerfi. Ritfangafyrirtæki tóku jafnvel að selja embættiskerfunum bréfalykla, þ.e. leiðbeiningakerfi um uppsetningu bréfasafna. Vélar og skrifstofuvarningur tók að móta skjalahald, en að réttu lagi á slíkt skipulag að eiga rætur í þörfum embættisfærslunnar, réttindum og skyldum sem ákvarðast af lögum. Bréfaklemman, mappan og ritvélin eiga ekki að ráða embættisfærslu að réttu lagi. Skjalavistunarkerfi á að lúta embættisfærslu, en ekki öfugt.

Yfirtaka hugbúnaðarfyrirtækja á skjalavörslu hins opinbera á Íslandi undir lok 20. aldar og í upphafi þessarar verður vafalaust merkilegt skoðunarefni sagnfræðinga einhverntíma, ef þá einhver skjöl til þess varðveitast á annað borð.

Mikilvægt er að varsla skjala sé með þeim hætti að aðgengi að þeim sé háð sem fæstum sérfræðingum. Myndun opinberra skjala sem eru háð ákveðinni tækni eða eru dulkóðuð með einhverjum hætti þannig að almenn lestrarkunnátta í dagsljósi hrekkur ekki til að lesa þau, er beinlínis aðför að réttinum til skjala sem liggur til grundvallar hugmyndinni um þjóðskjalasöfn sem hornsteina borgaralegra réttinda. Vafasamt er að slík skjalamyndun sé verjandi í borgaralegu þjóðfélagi eða hvort verjandi er að eyða miklu opinberu fé í að mynda og varðveita slík skjöl sem svo verða óaðgengileg á innan við 50 árum vegna óstöðugar tækni.

Borgaralegt þjóðfélag kann að vera að breytast í einhverskonar fyrirtækjaþjóðfélag. Tölvutækni við vörslu opinberra upplýsinga þar sem sérfræðingar kalla þær fram úr launhelgum ríkisskjalasafns eins og skrifarastéttin las og skrifaði í Egyptalandi til forna kallar á nýtískulegan Faraó og er í raun afnám réttarins til skjala. Kannski horfum við framan í einhverskonar nýfeudalisma. Launaseðill ríkisstarfsmannsins á Íslandi er ekki lengur sendur í bréfapósti til hans, hann verður að nálgast hann í netbankanum. Hvaða skjalasafni tilheyrir netbankinn? Sú réttindasönnun sem felst í launaseðlinum er komin í skjalasafn fyrirtækis, þriðja aðila, í stað þess að vera í höndum borgarans. Þetta er a.m.k. óviðurkvæmilegt.

Hvað rafrænumálin snertir, þá munu líklega tveir þættir valda meiru en áhyggjur lítills skjalavarðar um hvernig þeim lyktar. Annars vegar er það umhverfismengun af tölvunum, en í þeim eru efni sem brotna ekki almennilega niður í náttúrunni og kunna að valda heilsu- og efnahagstjóni, og hins vegar er það sá þáttur sem líklega mun ráða úrslitum, og það er kostnaðurinn.

Skjöl sem fela í sér sönnun fyrir afsali eða framsali réttinda eða vottfestan vitnisburð eru ekki varðveitanleg á rafrænu formi frekar en á munnlegu formi. Langtímavarðveisla slíkra skjala á rafrænu formi er óframkvæmanleg. Finnist leið til þess er útlit fyrir að kostnaðurinn verði margfaldur miðað við hefðbundnar aðferðir. Pappírinn er langsamlega ódýrasta varðveisluform skjala, og á pappír halda skjölin óvæfengjanlega réttargildi sínu. Tilgangur skjala er í grunnatriðum það að sanna gjörninga, en ekki óskilgreind upplýsingamiðlun með óljós markmið.

Skráning skjala

Önnur meginforsenda varðveislu skjala er að skrá skjölin með fullnægjandi hætti. Af á annað þúsund mannhæðarháum vörubrettum sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni Íslands af skjölum er minnsti hlutinn fullnægjandi skráður. Það má hamingjan vita hvað er óskráð úti í hinum ýmsu stofnunum þjóðfélagsins. Í héraðsskjalasöfnunum er sama uppi á teningnum og í Þjóðskjalasafni. Rétturinn til skjala, einn af hornsteinum Frönsku byltingarinnar og ástæðan fyrir tilvist þjóðskjalasafna víða um heim, er auðvitað ekki virkur við þessar aðstæður. Að ekki sé minnst á upplýsingalög. Óskráð skjöl eru týnd skjöl og verði tjón á óskráðum skjalasöfnum er hætt við að það geti orðið afsökun fyrir hverskyns vöntun á öðrum skjölum hjá opinberum stofnunum. Það kann að reynast borgurum eða opinberum stofnunum dýrt sem eiga réttindi sín undir því að þau finnist. Á Íslandi er þetta tífandi tímasprengja.

Öryggi við geymslu skjala

Þriðja meginforsenda varðveislu skjala er öruggar geymsluaðstæður og forvarsla. Forvarsla hefur undanfarið dregist mjög saman við Þjóðskjalasafn Íslands. Ekki er nóg að hafa starfsmenn í svona störfum, það verður að hlusta á þá og hrinda í framkvæmd forvörsluáætlunum. Ekki er mér kunnugt um að forvörsluáætlun sé til við neitt skjalasafn á Íslandi. Svið forvörslu er víðtækt, það nær til loftslags í skjalageymslum, umbúnaðar skjala í öskjur og umbúðir og þess að verja frumrit skjala fyrir ágangi á lestrarsal t.d. með áætlunum um kerfisbundna afritun eftirsótttra skjala til að útbúa notkunareintök. Kerfisbundin afritun mikilvægustu skjala í vörslu hins opinbera á míkrofilmur er lögskipuð á Íslandi. Þetta er þó aðeins tómur lagabókstafur, fenginn að láni úr erlendri löggjöf, en á rætur sínar í merkum alþjóðasamningi sem gerður var í Haag 1954 um verndun menningarverðmæta í stríði. Framkvæmd þessa samnings er víða í aðildarríkjum hans samvinnuverkefni vörslustofnana og almannavarna. Ísland á ekki aðild að þessum samningi, ólíkt flestum siðmenntuðum þjóðum Evrópu.

Vöntun á öryggisafritum á míkrofílmur gerir það að verkum að það er einfalt mál að afnema töluvert af borgaralegum réttindum á Íslandi með einföldum hryðjuverkum.

Hryðjuverkahræðslan í stjórnmalunum nær ekki inn á þetta svið öryggismála, sem þó varðar öryggi allra íslenska ríkisborgara og það er svolítið skrítið. Hættan sem kynni að steðja að íslenskum skjalasöfnum yrði líklega fremur af náttúruhamförum og glæpamönnum innanlands, en hernaðarárás erlendis frá. Aðild að samningi þessum fæli í sér mikilsverðar varnir fyrir innlendum vágustum ekki síður en erlendum.

Nú um áramótin fékk ég óskemmtilegan vágust í sama hús og skjalasafn það sem ég veiti forstöðu: Flugeldasölu. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði veitt leyfi fyrir þessu. Hún brást fljótt og vel við kvörtun minni og flugeldasölunni var lokað. Í Þýskalandi taka almannavarnir til verndar skjala- og minjasafna. Hér, þar sem lögreglan fer með almannavarnir, eru varnir við vernd skjalasafna í höndum einstakra skjalavarða og ekkert formlegt reglubundið samstarf milli lögreglu og skjalasafna. Þjónustukaup öryggisþjónustu verða að vera við einkafyrirtæki og eini ríkisráðni öryggisvörður við vörslu skjala á Íslandi er næturvörður Árnastofnunar. Hér á Íslandi er sjaldan neitt gert í málum fyrr en hroðaleg stórslys verða, næturvörðurinn í Árnastofnun er líklega í minningu brunans í Kaupmannahöfn 1728. Handritin þar munu öll vera til á míkrofílum.

Enn ein forsenda varðveislur skjala er rétt lögleg meðferð þeirra. Það er að fylgja lögum, reglum og samningsákvæðum um verndun einkahagsmuna og trúnaðarskjala, því vantraust kann að verða skjalavörslustofnunum dýrt, skjöl verði heimt til baka og að unnin verði skemmdarverk á skjalasöfnum af fólki sem á harma að hefna. Öryggi í lestrarsal er jafnframt mikið atriði, enginn lestrarsalur á Íslandi hjá skjalavörslustofnun er fullbúinn að því leyti.

Ekkert íslenskt skjalasafn eða skjalamyndari uppfyllir nema að hluta til þær forsendur varðveislur skjala sem hér hafa verið raktar í störfum sínum. Höfuðástæður þess eru annarsvegar fjárskortur og hins vegar skortur á starfsfólki sem hefur lært skjalfræði.

Svo er það vandinn úti í stofnununum. Sjúkraskýrslur eru hafðar í flimtingum meðal almennings á Íslandi eftir hinar ólæstu geymslur sem hafa verið sýndar í fjölmiðlum. Ábyrgðarmenn þessara skjala voru þó aldrei dregnir til ábyrgðar, þetta fékk að hanga á saumaklúbbastiginu eins og svo margt í íslenskum fjölmiðlum. Erlendis hefðu menn verið látnir sæta ábyrgð opinberlega. Ábyrgðin er skýr að íslenskum lögum:

Forstöðumenn skilaskyldra stofnana bera ábyrgð á skjalavörslu stofnananna.

Afhendingarskyldir aðilar eru skyldugir að hlíta fyrir mælum [Þjóðskjala]safnsins um skráningu, flokkun og frágang skjala. (úr 6. gr. laga nr. 66/1985 um Þjskjs.)

Eftirlitsstofnunin samkvæmt sömu lögum er Þjóðskjalasafn Íslands. En hvað getur það gert? Það hefur ekki einn lögfræðing í þjónustu sinni. Forstöðumaður sem brýtur lög um Þjóðskjalasafn virðist geta hlegið hjartanlega að athugasemdum frá Þjóðskjalasafninu og látið óáreitett upplýsingafræðing gera óskunda í anda þess sem kennt er í upplýsingafræði við Háskóla Íslands.

Hér kem ég reyndar að starfi sem er farið að kalla *skjalastjóra*, en hét eitt sinn ritari eða fulltrúi. Þetta er starf sem unnið er í umboði forstöðumanns stofnunar og á hans ábyrgð. Þetta er ekki undir neinum kringumstæðum stjórnunarstarf, þetta er fulltrúastarf. En margir virðast hafa misskilið það, stundum jafnvel, að því er virðist, sjálfir forstöðumennirnir.

Samstarf Þjóðskjalasafns við lögreglu er nauðsynlegt, því brot á lögum verður að rannsaka. Prófmál gegn brotlegum forstöðumanni kynni að verða gagnlegt, en e.t.v. vantar refsíákvæði í lög um Þjóðskjalasafn. Tjón unnið á eignum hins opinbera er altént hegningarlagabrot. Í

Frakklandi munu forstöðumenn eiga yfir höfði sér refsingu og jafnvel skerðingu ellilífeyris ef þeir valda borgurunum miska með kæruleysi við skjalavörslu. Hér á landi gerast ótrúlegustu hlutir. Eitt sinn var afhentur prótokoll úr opinberu skjalasafni til Þjóðskjalasafnsins sem varð að hreinsa úr mannasaur. Förgun skjala er þó jafnvel enn meiri óvirðing en slíkt.

Forstöðumenn geta farið á eftirlaun með skjalasöfnin í uppnámi óhræddir um nætursvefn sinn og æru, meðan fjöldi fólks líður fyrir skort á skjölum - skjölin eru bara týnd eða í óreiðu eins og það sé einskis ábyrgð. Frá árinu 1985, í rúm 20 ár, hefur legið fyrir að Þjóðskjalasafnið ætti að stuðla að því að koma þessum málum í lag.

Vert er að hafa í huga að varlega verður að fara, því svo víða er pottur brotinn í opinberum stofnunum í skjalavörslu og vandinn á köflum það gamall, að óframkvæmanlegt og ósanngjarnt væri að taka á því með hörku fyrr en eftir ákveðinn aðlögunartíma, annað væri óskynsamlegt.

Forgangsmál er að koma Þjóðskjalasafninu undan Menntamálaráðuneytinu og undir Alþingi, sem eftirlitsstofnun á borð við Ríkisendurskoðun. Ráðuneytið hefur setið of lengi á Þjóðskjalasafninu með þeim litla árangri sem alkunnur er. Ein nýleg firra úr ráðuneytinu var hugmynd um sameiningu Þjóðskjalasafnsins og Landsbókasafnsins. Sú hugmynd var reyndar endurvakin sparnaðarhugmynd sem hélt Þjóðskjalasafninu í óvissu og sveltí frá árinu 1924-1949. Menntamálaráðuneytið hefur reynst ófært um að afla fjár til þess að gera Þjóðskjalasafninu kleift að rækja hlutverk sitt. Nú síðast var ölmusu hent í stofnunina af mótvægisáðgerðapeningum. Ráðuneytinu er að því er virðist afar erfitt að afla fjárveitinga til stofnunarinnar á hennar eigin forsendum. Flytja á stóran hluta skjalasafna sýslumanna norður í land til skráningar hjá því fjölmenna liði hámenntaðra skjalavarða sem þar býr. Að setja merkustu skjalasöfn þjóðarinnar í skráningu hjá atvinnuleysingjum án sérmenntunar er sérstök virðing fyrir störfum og menntun skjalavarða og skjalavörslu á Íslandi. Þetta kemur frá ráðuneyti menntamála. Skjalasöfn sýslumanna verða ekki skráð oft, þar fer möguleiki á starfsþjálfun ungra sagnfræðinga í skjalavörslu, út á land.

Upplýsingar eða skjöl, markmið og leiðir

Tilgangur varðveislur skjala verður að vera ljós og því er góð sagnfræðimenntun mikilvæg forsenda starfa við skjalavörslu, þar sem yfirsýn yfir skjalavörslu á ýmsum tímum og reynsla af notkun skjalasafna við að komast til botns í málum fyrri tíðar er vegarnesti sem enginn skjalavörður sem á að duga getur verið án. Sagnfræðimenntun hér á landi má efla að þessu leyti því nokkuð skortir á að almennt séu gerðar skýrar og beinar kröfur um notkun skjalasafna í náminu þar.

Ofnotkun á orðinu upplýsingar í kringum skjalavörslu veldur óskýrleika sem farinn er að hafa víðtæk áhrif á stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga og kann að hafa alvarlegar afleiðingar.

Skjöl eru varðveitt vegna þess að í þeim felast réttindi og skyldur á beinan eða óbeinan hátt. Vissulega eru upplýsingar í skjölum, en í skjölum eru upplýsingar vottfestar og varanlegar á formlegan hátt og embættismenn, stofnanir og einstaklingar bera ábyrgð á því sem þeir hafa staðfest með undirskrift sinni og skjalagerð. Réttindi ýmiskonar felast í þessu og eyðing skjalanna, eða brestur í vörslu þeirra kann að hafa víðtækan missi réttinda í för með sér.

Skjal er eitthvað til að standa á varðandi réttindi og skyldur svo ég noti hefðbundinn skilning á því orði. Upplýsingar eru hins vegar bara eitthvað. Óstaðfestar kjaftasögur, lygar og þvættingur eru upplýsingar ekki síður en þinglýsingarbréf, mæliskýrslur um ferskvatn framkvæmdar af náttúrufræðingi undirritaðar af honum, eða stjórnarskrá lýðveldisins.

Nokkurs konar aukaafurð opinberra skjalasafna er sögulegt gildi þeirra. Þess verður þó að geta að eftir óhugnanleg fjöldamorð og þjóðernisútrýmingarherferðir eru sjónarmið um það að sögulegar heimildir í skjalasöfnum feli í sér réttindi tekin að verða almennari.

Eftir því sem aldur færir yfir skjöl, dvínar stundum réttarlegt gildi þeirra, t.d. við andlát fólks sem þau varða, en það er langt frá því einhlítt. Þess vegna finnst skjalavörðum svolítið skoplegt þegar fólki dettur sú firra í hug að skipta skjölum í virk og óvirk skjöl eftir aldri, eins og einhver geti séð fram í tímann og ákveðið þetta í eitt skipti fyrir öll.

Hluti af þeim hjávisindum er að telja eðlilegt að grisja 95% af þeim skjölum sem mynduð eru. Hin 5 prósentin eru svokölluð söguleg skjöl. Svona bull er hluti af því sem ógnar varðveislu skjala á Íslandi. Þetta er beinlínis kennt í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands og má jafna því við það að við þá mætu stofnun væri kennt að jörðin væri flöt. Fólk sem hefur lært þessa vitlesu hefur verið ráðið til opinberra stofnana til þess að starfa að skjalavörslu.

Það er mikilsvert að tekið verði upp réttindapróf skrásetjara og skjalavarða í opinberri þjónustu. Það hefur komið betur og betur í ljós að fyrirmælum Þjóðskjalasafns Íslands er ekki hlýtt í opinberri stjórnslu á Íslandi. Eitt af því sem hefur ýtt undir þessa óhlýðni er kennsla í svokallaðri skjalastjórn í bókasafnsfræði við Háskóla Íslands þar sem mjög er haldið fram ákveðinni tegund bréfaskráningarkerfis sem ekki er í samræmi við fyrirmæli Þjóðskjalasafns Íslands. Þetta er svokallaður óendanlegur bréfalykill. Ítrekað hefur Þjóðskjalasafn Íslands þurft að standa í því að hafna þessum lykli í ýmsum myndum og bent á þær leiðbeiningar sem gefnar hafa verið út af hálfu safnsins um slíka lykila.

Margar opinberar stofnanir hafa ekki einu sinni látið svo lítið að bera skjalavörslukerfi sín undir Þjóðskjalasafnið áður en þau hafa verið tekin í notkun. Það er því allt vaðandi í lögbrotum í opinberri stjórnslu á Íslandi. Með óvirkum lagagreinum um eftirlit Þjóðskjalasafns Íslands með skjalavörslu opinberra stofnana er mikilvægur grundvöllur upplýsingalaga og stjórnslulaga fokin út í veður og vind. Þessi lög hafa takmarkaða þýðingu ef opinberum stofnunum er ekki haldið að réttari skráningu skjalasafna sinna, þegar við myndun þeirra. Með því að hafa lög um Þjóðskjalasafn Íslands að stórum hluta óvirk í framkvæmd telst íslensk stjórnslu varla stjórnslu réttarríkis. Þegar þruglið um upplýsingar bætist við eins og til þess að sópa þessu undir teppið kórónar það þá skömm. Óskráðar skjalahrúgur, geðþóttaskráðar skjalahrúgur eftir efnisflokkunarkerfi bókasafnsfræða án tillits til laga um starfsemina, ruslakistur inn á skrifstofutölvum starfsmanna innan um einkaefni þeirra, þetta er raunveruleikinn hjá fjölda stofnana.

Hvernig á svo að leysa þennan vanda? Oft heyrir sagt að lausnin sé að taka upp staðla eða kaupa tölvukerfi. Hvað ætli gerist þegar teknir eru upp staðlar við aðstæður þar sem ekki eru forsendur til þess að fólk sé læst á staðlana? Þar sem engin almennileg skjalavarsla er, þarf að nota leiðbeiningar Þjóðskjalasafns Íslands, þær eru einfaldar og í fyllsta samræmi við fjölda erlendra staðla, en ætlaðar venjulegu fólki og settar fram á tiltölulega auðskildu mannamáli. Það er líka gott að geta notað þessi rit frekar en handbækur UNESCO um skjalavörslu fyrir þriðjaheimsríki sem eru nýkomin út úr borgarastyrjöld. Embættis- og stjórnsluhefð á Íslandi er svolítið í þeim anda, því danska hefðin lifði meðal fárra manna áður en stjórnslu landsins í og eftir heimsstyrjöldina síðari blés út úr engu. Hér var aldrei stofnaður embættismannaskóli.

Eyðing skjala

Opinber skjöl hafa verið brennd og verið eytt eftir geðþótta embættismanna og skjöl hafa horfið án formlegra skýrslna, án reglu og án lagaheimilda. Þetta virðist ekki alltaf hafa bara

verið af eintómri heimsku og vangá. Grunur hlýtur að vakna um misferli þegar opinber skjöl hverfa skýrslu- og skýringalaust. Slíkt grefur undan trausti á stjórnvöldum og það kann að ógna almannareglu og friði í þjóðfélaginu.

Um eyðingu opinberra skjala gilda lög um Þjóðskjalasafn. Samkvæmt þeim er afhendingarskyldum aðilum óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala. Stjórnarnefnd safnsins fjallar um þetta samkvæmt lögunum. Lögin kveða jafnframt á um að forstöðumenn skilaskyldra stofnana beri ábyrgð á skjalavörslu stofnananna. Ofuráhersla hefur verið lögð á grisjun opinberra skjala af hálfu Þjóðskjalasafns Íslands á undanförunum árum. Ég tel að þetta hafi farið út í öfgar. Eyðing skjala er meðal erfiðustu álitamála sem fjallað er um í skjalfræðum. Áður en ákvörðun um eyðingu skjala er tekin þarf skjalavarslan að öðru leyti að vera algerlega í lagi.

Grisjunarákvarðanir og reglur um grisjun sem settar eru skv. óskum skjalamyndara eru ekki kynntar opinberlega og almenningur á að jafnaði ekki kost á andmælum í ákvörðunarferlinu um grisjun. Hagsmunaaðilar eru fleiri en skjalamyndari og Þjóðskjalasafnið og því óviðeigandi að svona ákvarðanir séu teknar í bakherbergjum í Þjóðskjalasafninu. Sé grisjun framkvæmd er hún óafturkallanleg og skaði verður ekki bættur nema með fébótum.

Borgaraleg réttindi keypt með peningum er fyrirbrigði sem viðgengst aðeins í alræðisríkjum. Lög um Þjóðskjalasafn Íslands eru gölluð að þessu leyti eins og svo mörgu öðru. Einnig hindrar það að fá stuðning í alþjóðasamningum við vörslu íslenskra skjalasafna að í lögum þessum eru íslensk skjalasöfn hvergi skilgreind sem íslenskur menningararfur.

Nú hef ég farið lauslega yfir hitt og þetta varðandi vörslu íslenskra skjalasafna. Séu þau ekki varðveitt vel og umgengni við þau kæruleysisleg og subbuleg, þau brennd í tunnum og höfð að leiksoppi við umturnun áhugasamra fræðinga af ýmsu tagi ólærðum í skjalfræðum, súpa þeir sem á eftir okkur koma seyðið af því. Syndaflóðið mun þá koma eftir vorn dag.